

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 31. júlí 2024
Málsnúmer: 202407-0008
SS

Efni: Matsáætlun fyrir framkvæmd á tvöföldun Reykjanesbrautar milli Hafnavegar og Garðskagavegar – umsögn Náttúrufræðistofnunar.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 2. júlí 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun fyrir framkvæmd Vegagerðarinnar á tvöföldun Reykjanesbrautar milli Hafnavegar og Garðskagavegar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og gerir ekki athugasemdir við hana. Í henni kemur fram það sem nauðsynlegt er að fjalla um. Um nokkuð viðamikla framkvæmd er að ræða en framkvæmdasvæðið sem um ræðir liggur í gegnum eða í jaðri þéttbýlis og athafnasvæðis Keflavíkurflugvallar og er að stórum hluta undir miklum áhrifum frá nálægð við mannvist og/eða raskað af fyrri framkvæmdum eða nýtingu. Náttúra svæðisins er fábreytt og verndargildi alla jafna lágt og engin skörun við verndarsvæði. Efnistaka verður úr opnum námum í rekstri í nágrenni svæðisins ef efni úr skeringum dugar ekki. Stefnt er að uppgræðslu á öllum sárum þar sem jarðrask verður til að vega upp skerðingar á gróðurþekju. Ólíklegt verður því að teljast að mati Náttúrufræðistofnunar að umhverfisáhrif af framkvæmdinni verði annað en óveruleg fyrir þá umhverfispætti sem tengjast fagsviði Náttúrufræðistofnunar sem eru einkum gróðurfar, fuglalíf, jarðminjar og landslag.

Náttúrufræðistofnun hefur þegar veitt upplýsingar til Vegagerðarinnar varðandi stöðu gagna og verndargildi gróðurfars og fuglalífs á framkvæmdasvæðinu og er það mat stofnunarinnar að ekki sé þörf á að safna frekari gögnum um þessa umhverfispætti.

Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar er metið frekar nákvæmt fyrir svæðið og þar er gróðurþekja almennt gisin þó finnist vistgerðir með miðlungs eða hátt verndargildi. Alaskalúpína sem er framandi ágeng tegund er mjög útbreidd á hluta framkvæmdasvæðis sem rýrir verndargildi gróðurs. Ekki ætti að nota jarðveg með fræum alaskalúpínu vil uppgræðslu. Engar válistaplöntur eru þekktar á svæðinu.

Fuglalíf er fábreytt á svæðinu enda Reykjanesbraut með fælingarmátt, einkum fyrir varp fugla. Sílamáfsvarp sem áður var nokkuð stórt á svæðinu er nú að mestu horfið þó eitthvað varp sé enn til staðar. Náttúrufræðistofnun telur að gögn um fuglalíf svæðisins séu ágæt og er m.a. stutt síðan sílamáfsvarpið var metið. Stofnunin er tilbúin til að veita frekari ráðgjöf um fuglalíf svæðisins eins og þörf er.

Stefnt er að því að kortleggja jarðfræði og jarðveg svæðisins sumarið 2024 sem er jákvætt, ekki síst því mengaður jarðvegur er á svæðinu og mikilvægt að meta umfang og staðsetningu hans. Rannsóknin mun kortleggja helstu jarðmyndanir og meta verndargildi þeirra. Einkum er um grágrýtisholt að ræða. Ummerki frá ísöld s.s. jökulrákaðar klappir gætu verið á svæðinu og mikilvægt að kortleggja það.



Ekki eru gerðar athugasemdir við áformaðar greiningar á landslagi og ásýnd og áhrifum framkvæmdarinnar á þá umhverfispætti.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, reading "Snorri Sigurðsson". The script is cursive and fluid, with the first name "Snorri" and last name "Sigurðsson" clearly distinguishable.

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar

